

Truenorth  
Fiskislóð 31A  
101 Reykjavík

Garðabær, 20. maí 2025  
202504-0101/P.V.B.  
10.02.01

**Efni: Leyfi fyrir kvikmyndatöku á friðlýstum svæðum og akstri utan vega**

Náttúruverndarstofnun hefur móttengið umsókn Truenorth, dagsett 15. apríl 2025 með viðbótar upplýsingum dags 14. og 19. maí 2025, um leyfi til kvikmyndatöku innan Dyrhólaeyjar, Reykjanesfólkvangs, friðlýstra svæða í Þjórsárdal og akstur utan vega í Dyrhólaeyjarfjöru, Náttahaghrauni, Reynisfjöru, Sandvík og Þjófafossi.

Dyrhólaey er friðlýst sem náttúruvætti sbr. [auglýsing nr. 101/1978](#). Óheimilt er að trufla dýralíf á svæðinu. Mannvirkjagerð og jarðrask er óheimil nema með leyfi Náttúruverndarstofnunar. Samkvæmt 4. kafla í [stjórnunar- og verndaráætlun](#) náttúruvættisins er flug fjarstýrðra loftfara óheimilt innan náttúruvættisins nema að fengnu leyfi Náttúruverndarstofnunar. Jafnframt skal leita leyfis Náttúruverndarstofnunar vegna skipulagðra viðburða og verkefna sem hafa í för með sér hættu á jarðraski, truflun á dýralífi eða upplifun gesta innan verndarsvæðisins, s.s. vegna kvikmyndagerðar og samkomuhalds skv. stjórnunar- og verndaráætlun náttúruvættisins

Hjálparfoss, Gjáin og Háifoss og Granni eru friðlýst sem náttúruvætti sbr. [auglýsing nr. 110/2020](#). Óheimilt er að spilla gróðri, öðrum en framandi tegundum, eða trufla dýralíf af ásetningi innan verndarsvæðisins. Afla skal leyfis Náttúruverndarstofnunar vegna skipulagðra viðburða og verkefna sem hafa í för með sér hættu á jarðraski, truflun dýralífs eða truflun umferðar um svæðið innan verndarsvæðisins, s.s. vegna kvikmyndagerðar, viðburða og samkomuhalds. Notkun fjarstýrðra loftfara er óheimil í náttúruvættunum nema að fengnu leyfi Náttúruverndarstofnunar.

Reykjanesfólkvangur er friðlýstur sem fólkvangur sbr. [auglýsing nr. 520/1975](#). Jarðrask á svæðinu er óheimilt nema með leyfi Náttúruverndarstofnunar.

Samkvæmt 1. mgr. 31. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd er óheimilt að aka vélknúnum ökutækjum utan vega. Náttúruverndarstofnun er heimilt, ef nauðsyn krefur, að veita leyfi til

Þess að aka vélknúnum ökutækjum utan vega vegna kvikmyndagerðar, ef ekki er unnt að vinna viðkomandi störf á annan hátt, sbr. 3. ml. 2. mgr. 31. gr. laga nr. 60/2013, um náttúruvernd.

### **Lýsing verkefnis:**

Í Reynisfjöru er óskað eftir að fá að keyra fjórum sexhjólum og einum pallbíl með tækjabúnað að tökustað 21.-22. maí 2025. Kort fylgdi með sem sýnir fyrirhugaða akstursleið. Í Dyrhólaey færu tökurnar fram að hluta til innan friðlýsta svæðisins í fjörunni vestan við Háey. Til að komast að tökustað er óskað eftir leyfi til að ca 15 bílar fái að aka í fjörunni eftir leið sem sýnd er á korti sem fylgdi umsókninni. Jafnframt er óskað eftir að koma fyrir kvikmyndabómu við Hildardrang. Til að koma bómuni á tökustað er óskað eftir að fá að keyra hana eftir eigin afli. Þar sem þyrfti að keyra bómuna yfir gróðurlendi yrði komið fyrir plötum til að hlífa undirlagi. Þar sem gróður er viðkvæmur, væru þykkar gúmmímottur fyrst settar undir plöturnar til að vernda undirlagið enn betur. Tökulið myndi einnig standa á plötunum. Kort fylgdi með sem sýnir fyrirhugaðan tökustað og leiðina sem bóman myndi keyra. Tökurnar færu fram 22.-27. maí 2025. Í Þjórsárdal færu tökur fram við Háafoss þann 29. maí 2025. Óskað er eftir leyfi til að keyra fjórhjól á stíg með búnað og fljúga dróna upp með fossinum. Við Þjófafoss er óskað eftir leyfi til að keyra utanvega 1100 metra frá slóða norðan við fossinn áleiðis að fossinum með sérhæfðan kvikmyndabúnað. Keyrt yrði fram og til baka með búnaðinn. Sunnan við fossinn er óskað eftir að fá að leggja bifreiðum meðfram vegi, í vegköntum á vegi að bílastæði svo að rútur komist fram hjá. Basecam yrði vá plafi uppi við aðalvel, rétt við vikurnámurnar. Tökurnar við Þjófafoss færu fram á einum degi 30. eða 31. maí 2025. Í Reykjanesfólkvangi færu tökur fram við Djúpavatn, Vigdísavallarleið og Krísuvíkurbjarg. Við Djúpavatn og við Vigdísarvallarleið er óskað eftir leyfi til að leggja ca 15 ökutækjum í vegköntum og sandfláka við veginn. Kort sem sýnir staðsetningu tökustaða og þeirra leiða sem óskað er eftir að keyra sexhjol með búnað og leggja utan vega fylgdi með umsókn. Tökur færu fram í þrjá daga á tímabilinu 29. maí - 5. júní 2025. Við Krísuvíkurbjarg er óskað eftir leyfi til að keyra tvö sexhjol og 1 pallbíl til að flytja búnað að tökustöðum við Stráka og leggja í vegköntum nálægt tökustað á hæðinni við Hælsvík. Kort sem sýnir tökustaði og hvar yrði keyrt og lagt fylgdi með umsókn. Tökur færu fram á þremur dögum á tímabilinu 5. -8. júní 2025. Við Nátthagahraun er óskað eftir að fá að keyra slóða frá bílastæði ofan við Ísólfsskála að hrauninu í Nátthaga sem viðbragðsaðilar og vísindamenn hafa verið að keyra. Tökurnar eru veðurháðar og tækju hálfan dag á tímabilinu 5. -12. júní 2025. Í Sandvík er óskað eftir að fá að keyra sex sexhjol og 5 pallbíla eftir leið sem sýnd er á korti í umsókn til að flytja búnað á tökustað. Aksturinn færi fram 8.-14. júní 2025. Öll utanvega akstursför yrði fjarlægð að tökum loknum. Ekki er gert ráð fyrir uppsetningu leikmynda á tökustöðunum.

### **Áhrifamat:**

Náttúruverndarstofnun metur verkefni ekki líklegt til að hafa neikvæð áhrif á náttúrufar þeirra svæða sem óskað er eftir að keyra utan vega á til lengri tíma litið. Verkefnið er að mati stofnunarinnar ekki talið hafa neikvæð áhrif á verndargildi friðlýstu svæðanna. Verkefnið er

talið geta haft neikvæð áhrif á gesti svæðana á meðan tökur og aksturinn fer fram. Stofnunin metur að hægt sé að draga úr neikvæðum áhrifum verkefnisins sé farið að skilyrðum leyfisins.

### **Skilyrði:**

Náttúruverndarstofnun veitir Truenorth fyrir sitt leyti leyfi fyrir kvikmyndatöku innan Dyrhólaeyjar, Reykjanesfólkvangs, friðlýstra svæða í Þjórsárdal og akstur utan vega í Dyrhólaeyjarfjöru, Náttahagahrauni, Reynisfjöru, Sandvík og Þjófafossi sbr. lýsingu hér að ofan 21. maí til 14. júní 2025 að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- Hafa skal þetta bréf með í för á meðan verkefninu stendur og kynna fyrir starfsfólki þau skilyrði sem fylgja leyfinu, áður en undirbúningur og vinna hefst.
- **Tilkynna skal til starfsmanns Náttúruverndarstofnunar á hverju svæði hvenær verkefnið hefst og þegar því lýkur með að minnsta kosti sólarhringsfyrirvara.**
- Náttúruverndarstofnun skal tilkynnt um öll frávik við áður útgefna verkefnalýsingu, og eins ef breyting verður á tímasetningu verkefnis eins fljótt og auðið er.
- Þar sem þörf er á að fara út fyrir göngustíga/vega skal þess gætt að valda sem minnstu raski og fjarlægja öll ummerki um athafnir utan göngustíga/vega að verkefni loknu.
- Koma skal fyrir merkingum á tökustöðum um að leyfi fyrir verkefninu hafi fengist hjá Náttúruverndarstofnun.
- Forðast skal óþarfa rask og stærð athafnasvæðis kvikmyndatökuliðsins skal haldið í lágmarki.
- Ef upp koma álitamál um framkvæmd verkefnisins og frágang svæðisins skal hafa samband við Náttúruverndarstofnun í síma 556-6800.
- Vanda skal frágang eftir að verki lýkur. Vinna skal að endurheimt og landmótun á því yfirborði sem raskast, um leið afmá skal öll ummerki kvikmyndatökunnar.
- Kvikmyndatökuliðið skal sýna öðrum gestum friðlýstra svæða tillitssemi og tryggja að tökurnar valdi eins litlu ónæði og hægt er.
- Ef myndefnið er ætlað til birtingar opinberlega skal það tekið fram í myndbandinu/myndatexta að leyfi Náttúruverndarstofnunar hafi fengist fyrir kvikmyndatökunni innan hins friðlýsta svæðis.
- Starfsmenn verkefnisins skulu ganga snyrtilega um svæðin og þess gætt að allur úrgangur verði fjarlægður.
- Losun ferðasalerna skal fara fram á viðurkenndum losunarstað utan friðlýstu svæðana.
- Óheimilt er að trufla dýralíf.
- Stjórnandi drónans við Háafoss skal sýna öðrum gestum svæðisins tillitssemi og tryggja að flugið valdi eins litlu ónæði og hægt er.
- Aldrei skal að fljúga ómönnuðu loftfari í nágrenni og yfir fólki og forðast skal að trufla friðsæld svæðisins við Háafoss og upplifun gesta, öryggi þeirra og persónuvernd eins og hægt er.

- Aldrei skal fljúga ómönnuðu loftfari nálægt dýrum, hvorki nálægt hreiðrum né á varptíma eða á þeim tíma sem telst viðkvæmur fyrir dýr og fugla.
- Flugtíma skal haldið í lágmarki og það skal fara fram utan þess tíma sem flestir gestir eru á svæðinu.
- Ef drónaflugið hefur truflandi áhrif á fugla- og/eða dýralífið skal því hætt samstundis.
- Stjórnandi/eigandi hins ómannaða loftfars ber ábyrgð á loftfarinu á svæðinu, að það skaði ekki fólk, dýralíf, eða náttúruna og það skilji ekki eftir sig varanleg ummerki á neinn hátt. Ef loftfarið brotlendir eða bilar skal ábyrgðarmaður þess sjá til þess að allir hlutar þess verði fjarlægðir.
- **Drónaflug er óheimilt innan náttúruvættisins Dyrhólaey.**
- Til að koma í veg fyrir að lokaafurðin/kvikmyndin/auglýsingin hvetji til utan vega aksturs þá er óheimilt að sýna ökutæki aka utan vegar.
- Einungis skal aka ökutækjunum að tökustað og eftir þeirri leið sem skilgreind var í verklýsingu. Afmá skal öll hjólför utan vega að verkefni loknu.
- Þar sem hægt er skal leggja á bílastæðum og takmarka þann fjölda bifreiða sem þurfa að leggja utan vega.
- Önnur farartæki en þau sem sótt er um heimild fyrir til að aka utan vega vegna kvikmyndatökunnar er ekki heimilt að aka leiðirnar sem sótt er um að keyra.
- Takmarka skal akstur farartækjana eftir því sem kostur er.
- Gæta skal að mengunarvörnum farartækja og þess gætt að mengandi vökvi berist ekki í jarðveg/vatn.
- Óheimilt er að aka yfir gróin svæði.
- Þess skal gætt við akstur utan vega að hann fari fram á tímum þar sem hann veldur sem minnstu raski á jarðvegi og gróðri.

Ef leyfishafi veldur náttúruspjöllum með framkvæmd í skilningi 87. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd getur Náttúruverndarstofnun t.d. lagt fyrir leyfishafa að afmá jarðrask og lagfæra gróðurskemmdir eða stöðvað framkvæmdir sbr. nánar XV. kafla laganna.

Ef umhverfisaðstæður á svæðinu breytast getur Náttúruverndarstofnun skv. 2. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd breytt skilyrðum leyfis, bætt inn nýjum skilyrðum eða afturkallað leyfið til að koma í veg fyrir verulegt, ófyrirséð tjón á náttúru Íslands.

Náttúruverndarstofnun mælist til þess að taka skuli á loft og lenda ómönnuðu loftfari í öruggri fjarlægð frá gestum svæðisins skv. reglugerð um ómönnuð loftför nr. 1360/2024

Að öðru leyti skal haga flugi ómannaðra loftfari í samræmi við reglugerð nr. 1360/2024, um starfrækslu fjarstýrðra loftfara.

Náttúruverndarstofnun bendir á að allir rekstraraðilar dróna verða að skrá drónana hjá Samgöngustofu á vefsíðunni flydrone.is.

Leyfi landeigenda og/eða sveitarfélags gæti þurft fyrir verkefninu.

Sé skilyrðum leyfis ekki fullnægt getur Náttúruverndarstofnun afturkallað leyfið skv. 1. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

**Leyfisgjald:**

Náttúruverndarstofnun hefur nú innheimt gjald fyrir vinnslu og afgreiðslu umsókna um leyfi á friðlýstum svæðum sbr. 1. mgr. 92. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Gjald fyrir umsókn um framkvæmdir, kvikmyndagerðar og/eða myndatöku er kr. **83.200.** sbr. 7. gr. b. gjaldskrá Náttúruverndarstofnunar nr. 354/2025.

**Eftirlit:**

Náttúruverndarstofnun mun hafa eftirlit með framkvæmdum og frágangi á svæðinu. Eftirlitið verður framkvæmt af eftirlitsmanni frá Náttúruverndarstofnun.

Hákon Ásgeirsson  
**sviðstjóri**

Ragnheiður Björg Sigurðardóttir  
**sérfræðingur**